

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 209/2022**2023/EES/24/09****frá 8. júlí 2022****um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur)**
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/724 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Seychelles-eyjum og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/725 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Alþýðulýðveldinu Víetnam og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/726 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Indónesíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽³⁾.
- 4) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 10zi (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/534) í V. viðauka við EES-samninginn:

„10zj. **32022 D 0724:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/724 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Seychelles-eyjum og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 28).

10zk. **32022 D 0725:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/725 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Alþýðulýðveldinu Víetnam og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 31).

10zl. **32022 D 0726:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/726 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Indónesíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 34).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 31.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 34.

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11zi (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/534) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„11zj. **32022 D 0724:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/724 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Seychelles-eyjum og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 28).

11zk. **32022 D 0725:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/725 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Alþýðulýðveldinu Víetnam og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 31).

11zl. **32022 D 0726:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/726 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Indónesíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 34).“

3. gr.

Texti framkvæmdarákvæðana (ESB) 2022/724, (ESB) 2022/725 og (ESB) 2022/726, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.